



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## HEIÐURSFÉLAGI

Forseti Íslands var í gær, fimmtudaginn 23. september, gerður að heiðursfélagi í Rússneska landfræðifélaginu við hátíðlega athöfn á Alþjóðþingi um Norðurslóðir sem haldið er í Moskvu. Forsætisráðherra Rússlands, Vladimir Putin, afhenti forseta heiðursskjal og sérstakt innsigli úr bronsi þessu til staðfestingar.

Í ávarpi sem formaður Rússneska landfræðifélagsins, Sergei Shoigu flutti við þetta tilefni vísaði hann til margþætts framlags forseta Íslands til málefna Norðurslóða, en forsetinn hefði um árábil verið virkur þátttakandi í samvinnu og samræðum um málefni Norðurslóða og stuðlað að auknum tengslum rannsóknarstofnana, háskóla og fræðimanna.

Í heimsókn forseta til Moskvu, sem lauk í gærkvöldi, átti hann viðtöl við ýmsa fjölmiðla og svaraði fyrirspurnum á fjölmennum blaðamannafundi. Forseti var í sérstökum viðtalsþætti í rússneska fréttasjónvarpinu RIA Novosti og einnig í alþjóðlegu rússnesku sjónvarpsstöðinni Russia Today auk þess sem hann ræddi sérstaklega við aðra fréttamiðla, þar á meðal fréttavef Bloomberg.

Mynd frá athöfninni má nálgast á vefsetri forsetaembættisins.

*24. september 2010*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*